MAPETHERM AR1 GG

Eins þáttar steinlím á sementsgrunni til að líma og jafna hitaeinangrunarkerfi





HVAR EFNIÐ ER NOTAÐ

· Bindur allar gerðir af hitaeinangrunarplötum (EPS, XPS, jarðtrefjar, kork, viðartrefjar o.s.frv.) beint á múrhúð, timbur og steinsteypu á veggjum og í lofti.
· Sléttir hitaeinangrunarkerfi á innri og ytri veggjum.

Nokkur dæmi um notkun

Bindur og sléttir innri og ytri hitaeinangrunarkerfi á borð við **Mapetherm Mineral Wool** og **Mapetherm EPS** á:
· Múrhúð eða kalksteypu
· Steinsteypu
· Steinsteypublokkir
· Múrstein.

Hentar einnig til að slétta:
· **Mapetherm Nordic C** (múrhúðað loftræst veggjakerfi)
· Loftaða steinsteypu
· Steinsteypublokkir

TÆKNILEG EINKENNI

Mapetherm AR1 GG er grátt duft gert úr sementi, sérvöldum sandi, gervikvoðu, fjölprópýlentrefjum og sérstökum íblendiefnum á grundvelli efnabloondu sem þróuð var á rannsóknastofum MAPEI.
Sé vatni blandað út í myndast steypuhræra með eftirfarandi einkennum:
· Lítil seigja og því gott að vinna.
· Mikil kvikustöðugleiki, **Mapetherm AR1 GG** má bera á lárétta fleti án þess að efnið renni til og án þess að hætta sé á því að einangrunarplötur renni til eða losni.
· Binst fullkomlega flestum gerðum einangrunarplatna og öllum efnum sem almennt eru notuð í byggingaiðnaði: viðgerðarsteinlími, hefðbundinni múrhúð og gamalli vel fastri málningu eða yfirborðsefnum.
· Harðnar án þess að rýrna.

RÁÐLEGGINGAR

· Ekki nota **Mapetherm AR1 GG** til að binda einangrunarplötur við málmfleti eða fleti þar sem hreyfing er mikil.
· Ekki nota á þiljur með mjúku yfirborði, það getur skert viðloðunina: fjölúreþan- eða steinefnatrefjar með kraftpappa á yfirborði, þrýstimótað fjölstýren með yfirborðshúð o.s.frv. Ekki binda einangrunarplöturnar við fleti sem farnir eru að skemmast eða auðmulda múrhúð.
· Gætið að lögum og reglugerðum um notkun eldfimra einangrunarefna á veggjum og múrhúð á þannig veggi.

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN

Flöturinn undirbúinn

Flöturinn þarf að vera heill, sterkur og laus við ryk, laus efni, fitu, olíu, lím o.s.frv. Mælt er með því að jafna út ójafnt undirlag með vörum frá Mapei fyrir byggingaiðnaðinn. Gifsundirlag (múrhúð gerð handvirkt eða með múrvél, formótaður panill o.s.frv.) verður að vera fullkomlega þurrt og án ryks, og áður en einangrunarþiljur eru festar við **Mapetherm AR1 GG**, þarf það að vera grunnað með **Primer G**.

Blandan undirbúin

Helltu **Mapetherm AR1 GG** á meðan hrært er í íláti saman við 21 - 24 % af hreinu vatni miðað við þyngd af (u.þ.b. 5,25 - 6,0 lítrum af vatni út í 25 kg af dufti). Hrærðu í blöndunni, gjarnan með vélblandara á lágum hraða til að forðast að draga loft inn í hræruna uns myndast hefur mjúk, kremkennd hræra án kekkja. Láttu blönduna standa í 5 mínútur og hrærðu svo aðeins í henni fyrir notkun. Hægt er að vinna með blönduna í u.þ.b. 3 klukkustundir.

Að bera vöruna á

Notuð sem límefni

Dreifðu **Mapetherm AR1 GG** beint aftan á einangrunarplöturnar í jöfnu lagi með 10 mm tenntum spaða ef flöturinn er alveg sléttur en með mörgum punkt- og perluröðum sé veggurinn ósléttur. Settu línu á plötujaðarinn og punkta til viðbótar á miðju platnanna.

Notað sem jafnandi og sléttandi blanda

Þegar límið er orðið alveg þurrt (að lágmarki 24 klukkustundum eftir að plöturnar voru settar upp en það ræðst af aðstæðum til hörðnunar), skaltu bera jafnt lag af **Mapetherm AR1 GG** á yfirborðið og síðan leggja **Mapetherm Net** alkalíþolið glertrefjanet í hræruna. **Mapetherm Net** þarf að þrýsta aðeins niður með sléttum spaða á nýtt lag af hræru og það þarf að skarast um að lágmarki 10 sm við öll samskeyti. Eftir 12 - 24 klukkustundir er borið á nýtt lag af **Mapetherm AR1 GG** til að mynda þétt og jafnt yfirborð sem hentar til yfirborðsmeðferðar sem þó má ekki setja á fyrr en jöfnunarlagið er orðið vel hart og þurrt.



Þrýstu á plötuna til að tryggja að hún bindist fletinum vel



Leggðu fyrstu umferð jöfnunarblöndunnar með Mapetherm AR1 GG



Notaðu Mapetherm Net til þess að styrkja jöfnunarlagið og slétta það



Gakktu frá jöfnunaryfirborðinu með svampbretti

AÐ HREINSA

Hægt er að þrífa verkfæri og ílát með vatni á meðan **Mapetherm AR1 GG** er enn óharðnað.

NOTKUN

· Til að líma einangrunarplötur:
4 - 6 kg/m², allt eftir því hvaða festiaðferð er notuð.

· Til að slétta og jafna:
1,35 - 1,55 kg/m² á hvern þykktarmillimetra (ráðlögð þykkt: lágm. 8 mm í 2 lögum).

UMBÚÐIR

Mapetherm AR1 GG er selt í 25 kg pappírspokum 1.200 kg risapokum.

GEYMSLA

Mapetherm AR1 GG má geyma í 12 mánuði í upprunalegum umbúðum á þurrum stað.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar **www.mapei.no** okkar.

VARA ÆTLUÐ FAGMÖNNUM TIL NOTKUNAR.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

Uppfyllir kröfur: EN 998-1 – ETAG 004 ETA 10/0024 - 10/0025

AUÐKENNI VÖRU	
Þéttleiki:	duft
Litur:	grátt
Hámarkskornastærð (mm):	u.þ.b. 1,0

HITASTIG VIÐ NOTKUN (við +23°C og 50 % loftraka)	
Blöndunarhlutfall vatns (%):	21 - 24
Þéttleiki blöndu:	kvik
Eðlismassi blöndu (kg/m³):	u.þ.b. 1.500
Hitastig við notkun:	frá +5°C til +35°C
Framkvæmdatími:	u.þ.b. 3 klukkustundir
Opinn tími:	u.þ.b. 20 mínútur
Tími til lagfæringa:	u.þ.b. 40 mínútur
Biðtími áður en verki er lokið:	15 dagar
Notkun (kg/m²):	u.þ.b. 4,0 - 6,0 til að líma einangrunarplötur u.þ.b. 1,35 - 1,55 sem fleytiblanda (á hvern þykktarmillimetra)

ENDANLEGIR EIGINLEIKAR	
Teygjustuðull (N/mm²):	5.600
Sveigjustyrkur eftir 28 daga (N/mm²):	u.þ.b. 3,0

Hitastig endanlegrar notkunar:	frá -30°C til +90°C

EÐLI EIGINLEIKA SAMMKVÆMT EN 998-1		
Eðli eiginleika	**Prófunaraðferð**	**GRÁTT**
Þéttni í þurru magni (kg/m³):	EN 1015-10	1.200
Þrýstiþol eftir 28 daga (N/mm²):	EN 1015-11	9,59 Flokkur CS IV
Viðloðun (steinsteypa) (N/mm²):	EN 1015-12	≥ 1 bilunarháttur (FP) = B
Hárpípukraftur vatn [kg/(m²·lágm.$^{0.5}$)]:	EN 1015-18	0,06 Flokkur W2
Stuðull gegndræpis vatnsgufu (μ):	EN 1015-19	15
Hitaleiðni ($\lambda_{10\ dry}$) (W/mK):	EN 1745	0,32
Viðbrögð við eldi:	EN 13501-1	Euroclass A1





Reggio Emilia, Italy: Unnið á einkaheimili með Mapetherm AR1 GG

VIÐVÖRUN

Þótt þær tæknilegu upplýsingar og ráðleggingar sem er að finna í þessu upplýsingablaði um vöruna séu í samræmi við bestu vitund okkar og reynslu eru allar ofangreindar upplýsingar aðeins til viðmiðunar í hverju tilviki fyrir sig og ber að líta á þær sem upplýsingar sem bíða staðfestingar eftir lengri notkun. Því verður hver sá sem hyggst nota vöruna að ganga úr skugga um það fyrirfram að hún henti til ætlaðrar notkunar. Notandinn er í öllum tilfellum einn að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum af notkun vörunnar.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tækniblaðinu sem finna má á vefsetri okkar, www.mapei.no

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara MAPEI er notuð. Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniblöðum frá heimasíðu okkar á www.mapei.no

ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA REKJA MÁ TIL ÞESSA ÖRYGGISBLAÐS ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.

Öll afritun texta, mynda og teikninga sem birtar eru í þessu riti er bönnuð. Sé það ekki gert getur það leitt til málssóknar.